

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 18. maí 2018
UST201802-016/S.P.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 22. mars sl. þar Umhverfisstofnun áfirmaði að áminna Sorpstöð Rangárvallasýslu vegna frávika er fram komu í eftirlit. Þann 4. apríl barst Umhverfisstofnun tímasetta áætlun um úrbætur.

Frávikan og úrbætur við þeim eru eftirfarandi:


1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Í gr. 1.2 í starfsleyfi er ákvæði um að tímabundin geymsla á úr sér gengnum ökutækjum, eða á öðrum olíusmituðum úrgangi fari fram á malbikuðu eða steyptu yfirborði með niðurfalli í lægsta punkti, sem tengt er við olíuskilju. Ökutækin á svæðinu hafa ekki öll verið fær upp á olíuhelt plan. *Í eftirlitsskýrslu dags. 6. júlí 2017 segir að framkvæmdum við olíuhelt undirlag fyrir bíla og tæki sé lokið og að geymslusvæði fyrir bíla og tæki sé tilbúið með niðurfall í lægsta punkti og tengt olíuskilju. Lokið var við svæðið í tengslum við færslu móttöku- og flokkunarstöðvar. Samkvæmt skýrslunni átti þó enn eftir að taka svæðið i notkun og hreinsa til á umráðasvæði rekstraraðila sem hefur geymt bíla og tæki fyrir íbúa svæðisins. Ákveðið var á fundi með rekstraraðila að hann héldi áfram tiltekt á athafnasvæði sínu og kæmi bílum og tækjunum fyrir á tilskildu svæði. Frávikið var enn opíð því markmið með átakinu var að koma bílum og tækjum í geymslu á olíuheldu undirlagi. Í eftirliti þann 7. desember sl. var staðfest að ökutæki hefðu enn ekki verið færð á olíuhelt plan. Frávik þetta var einnig skráð í eftirliti 2016 úrbótaáætlun rekstraraðila hefur ekki gengið eftir að öllu leyti. Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að nú þegar hafi rekstraraðili steypit plan fyrir úr sér gengin ökutæki á urðunarsvæðinu. Vinna við að fylla að planinu hefst um leið og frost fer úr jörðu. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdum verði lokið eigi síðar en 1. júní nk. Umhverfisstofnun samþykkir áætlun þessa og mun fylgja henni eftir í næsta eftirliti.*
2. **Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal aðgangur að svæðinu vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega úrgangslosun. Girðing um svæðið liggur að hluta til niðri. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur vinna við upsetningu girðingar verið hafið og er gert ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið eigi síðar en 1. júní 2018. *Umhverfisstofnun samþykkir áætlun þessa og mun fylgja henni eftir í næsta eftirliti.*

Umhverfisstofnun samþykkir fyrr greindar áætlunar um úrbætur frá rekstraraðila og mun fylgja þeim eftir í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda á fram með eftirfylgni frá því sem frá var horfið.

Verður nú innheimt gjald fyrir eftirfylgni frávika samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 39.600.**

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur